

Skilmálar

Íbúð til leigu

Gestgjafi er Níels Hafstein, sími 4614066

Íbúðin er í risi, 67 m², með sérinngangi á 2. hæð, farið yfir brú frá bílastæði. Í henni er:

- forstofa
- bað
- eldhús með 1 rúmi (172×75)
- 2 rúmum í alrými (196×86)
- og herbergi með hjónarúmi, barnarúmi (160×75) og vögg (95×45)

Íbúðin er leigð í minnst 2 nætur í röð, með handklæðum og sængurbúnaði á 2 einbreið rúm, eða 1 tvíbreitt rúm eftir atvikum. Sjá nánar á ljósmyndum. Morgunmat er ekki innifalinn í leigunni. Reykingar eru ekki leyfðar, ekki heldur gæludýr því næstu gestir gætu verið með bráðaofnæmi og líf þeirra verið í hættu.

Fast verð er miðað við 2 fullorðna sem gista í einu en tekið er tillit til fjölda náttu, sængurbúnaðar á aukarúm og fjölda handklæða, einnig ef gestir eru fleiri. Sængurbúnaður og handklæði kostar 5.000 kr. fyrir hvern aukagest, óháð aldri.

Ef leikutaki óskar eftir því að bjóða til sín dvalargestum til næturgistingar í íbúðinni eftir að hann er fluttur inn þá ber honum samkvæmt lögum að hafa samband við gestgjafa sem tekur ákvörðun í samræmi við opinberar öryggisreglur ef válegur atburður verður, til dæmis jarðskjálfti eða eldsvoði. **Greiða skal 5.000 kr. fyrir hvern slíkan aukagest.**

Pantanir skal staðfesta á safngeymsla@simnet.is og leiga greidd við komu. Í staðfestingarpósti skal vera nafn leigutaka, kennitala, heimilisfang, sími og netfang. Staðfesting jafngildir því að leigutaki samþykki alla skilmála og muni láta gestgjafa vita í netpósti minnst 3 dögum fyrir komu ef einhver breyting verður. Þá getur gestgjafi leigt öðrum íbúðina með þeim fyrirvara.

Óskað er eftir því að leigutaki taki við lykli að íbúðinni á tímabilinu kl. 16.00-17.00 á komudegi og skili honum ekki síðar en kl. 11.00 á lokadegi. Þá mætir verktaki til að þrifa og þarf að geta komist að strax.

Leigutaki kynnir sér eldvarnir og leið um löglegan flóttaglugga út á þak og þaðan til hægri niður stiga á svalir og síðan útdreginn stiga niður á pall. Sjá leiðbeiningar á vegg í hjónaherbergi. Bannað er að fara út á þak nema gestir þurfi að flýja af vettvangi í flýti, en í slíkum tilfellum ber þeim samt að fara með ítrustu gát. Gestgjafi ber enga ábyrgð á slysum sem kunna að hljótask af óvarkárni innandyra sem utandyra á meðan á dvöl stendur.

Leigutaki ber ábyrgð á persónulegum eigum og lágmarks heimilisþrifum, svo sem að þvo upp, þurrka bleytu og tína upp rusl af gólfi. Þá er óskað eftir því að heimilstæki séu ekki tengd nema leigutaki sé í íbúðinni. Hann ber kostnað sem hugsanlega þarf að greiða ef íbúðinni er ekki skilað í viðunandi ástandi, þ.e. eins og hún var við komu, svo sem vegna vanþrifa, hlutahvarfs eða skemmda innanhúss sem utan.

Innifalið í leigugjaldi er umsýsla gestgjafa, nettenging, aðgangur að safninu, endurnýjun búnaðar, gistináttgjald, virðisaukaskattur, úttektir Securitas, vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits, hiti, rafmagn, kalt vatn, ræsting, þvottur í vél og straujun, frágangur og tiltekt, fráveita, sorphirða o.fl.